



GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi

1. gr.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlum úrgangs og tengda starfsemi. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem eru birtar í fasteignamati sem óskiptar eignir, lögbýli og atvinnuhúsnæði sem birt eru í fasteignarmati. Sorpeyðingargjald er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, móttöku og eyðingu sorps ásamt urðun og kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva. Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps árlega og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Úrgangur frá heimilum í sveitarfélaginu skal flokkaður í 7 flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir grunneiningu fjögurra íláta við húsvegg. Grunneining samanstendur af ílátum fyrir plastefni, pappír og pappa, lífrænan úrgang og blandaðan heimilisúrgang. Til viðbótar skal safna gleri, málmum og textíl sem skila skal í lúgur við Endurvinnslustöð.

Sorpílatagjald

Blandaður heimilisúrgangur 240 L tunna	kr. 34.000
Endurvinnslutunna plast 360 L tunna	kr. 9.000
Endurvinnslutunna pappír 360/660 L tunna	kr. 9.000
Lífrænn úrgangur 140 L tunna	kr. 10.000

Rekstur grenndar- og söfnunarstöðvar

Frístundahús og lögbýli í dreifbýli hafa aðgang að grenndarstöðvum á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu. Gjald fyrir þá þjónustu er kr. 16.000 yfir árið.

Fast gjald kr. 30.000 kr. er lagt á allar fasteignir í sveitarfélagsins til að standa straum að veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun

1Bē



rusls á víðivangi, rekstur Endurvinnslustöðvar fyrir gler, málm og textíl og aðgengi að Endurvinnslusvæði með gjaldfrjálsan úrgang.


2. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorpeyðingargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

3.gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni miðast við vísitölu neysluverðs í desember 2024 (638 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin verður birt í B-deild Stjórnartíðinda og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1728/2023.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 11. desember 2024.


Ingibjörg B. Erlingsdóttir

sveitarstjóri